



Reykjavík, 5. mars 2024

MSS24030017

Borgarráð

### **Ráðningarsamningur borgarstjóra**

Óskað er eftir að að borgarráð samþykki meðfylgjandi ráðningarsamning borgarstjórnar Reykjavíkur við borgarstjóra. Með samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 16. janúar 2024 var Einar Þorsteinsson ráðinn í starf borgarstjóra Reykjavíkur. Samkvæmt 2. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 72. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, skal borgarstjórn gera skriflegan ráðningarsamning við borgarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin og þá skal ráðningartími borgarstjóra að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil borgarstjórnar.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari

Lóa Birna Birgisdóttir  
Sviðsstjóri mannauðs- og  
starfsumhverfissviðs

Hjálagt:  
Ráðningarsamningur borgarstjóra



**Reykjavík**

## Ráðningarsamningur

Með vísan til samþykktar borgarstjórnar Reykjavíkur frá 16. janúar 2024 gerir Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, Reykjavík, f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur, og Einar Þorsteinsson, kt. 241278-4179, með sér eftirfarandi ráðningarsamning:

### 1. gr.

Samkvæmt fyrrnefndri samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur er Einar Þorsteinsson ráðinn í starf borgarstjóra Reykjavíkur frá 16. janúar 2024 til 31. maí 2026, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, og 72. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, með síðari breytingum.

### 2. gr.

Laun borgarstjóra skulu vera kr. 2.477.850,- á mánuði miðað við 16. janúar 2024 og taka breytingum í samræmi við launavísitölu til samræmis við ákvæði 1. mgr. 3. gr. samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Um föst laun er að ræða og því ekki greitt aukalega fyrir vinnu sem unnin er utan hefðbundins dagvinnutíma. Um er að ræða heildarlaun borgarstjóra og í þeim eru innifalin laun fyrir setu í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar.

Laun samkvæmt þessari grein greiðast í sex mánuði eftir að ráðningartíma lýkur.

### 3. gr.

Borgarstjóri greiðir iðgjald í lífeyrissjóð og nýtur þar réttinda eins og aðrir sjóðfélagar í samræmi við samþykktir Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Mótframlag Reykjavíkurborgar vegna séreignarsparnaðar borgarstjóra fer samkvæmt almennum reglum.

### 3. gr.

Auk launa samkvæmt 1. gr. fær borgarstjóri greiddan fastan starfskostnað að fjárhæð kr. 146.235,- á mánuði miðað við 16. janúar 2024. Fjárhæð starfskostnaðar tekur breytingum til samræmis við ákvæði 4. mgr. 5. gr. samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

### 4. gr.

Borgarstjóri nýtur sömu almennra réttinda og æðstu stjórnendur hjá Reykjavíkurborg, s.s. varðandi orlof, rétt til fjarvista á launum vegna veikinda og slysa og slysatryggingar, sbr. reglur um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkur.

### 5. gr.

Borgarstjóri hefur embættisbifreið til umráða.

### 6. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartíma samkvæmt 1. gr. er sex mánuðir. Þá hefur borgarstjóri vinnuskyldu á uppsagnarfresti ef Reykjavíkurborg óskar þess.

F.h. borgarstjórnar Reykjavíkur,

---

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
forseti borgarstjórnar

---

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri